

FATCA

Samningur við bandarísk yfirvöld
um upplýsingaskipti



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Janúar 2014

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Almennt um FATCA samninga.....	5
3	Meginefni FATCA samningsfyrirmyndar.....	7
3.1	Almennar skilgreiningar.....	7
3.1.1	Fjármálafyrirtæki.....	7
3.1.2	Erlent fjármálafyrirtæki.....	7
3.1.3	Upplýsingaskyld erlend fjármálafyrirtæki.....	7
3.1.4	Erlend fjármálafyrirtæki sem ekki eru upplýsingaskyld.....	7
3.1.5	Fjármálafyrirtæki sem ekki eru þátttakendur.....	7
3.1.6	Bandarísk einkenni.....	8
3.1.7	Bandarískir upplýsingaskyldir reikningar.....	8
3.1.8	Fjármálareikningur.....	8
3.1.9	Bandarískur aðili og sérstaklega tilgreindur bandarískur aðili.....	9
3.1.10	Ráðandi aðili og TIN.....	9
3.2	Skyldur samningsaðila.....	9
3.3	Aðferðir og tímasetningar.....	10
3.4	Beiting FATCA reglna gagnvart fjármálafyrirtækjum.....	10
3.5	Samstarf-reglufylgni-eftirfylgni.....	12
3.6	Yfirlýsingar samningsaðila.....	12
3.7	Samræmi í beitingu FATCA (MFN).....	13
3.8	Samráð.....	13
3.9	Gildi viðauka.....	13
3.10	Gildistaka.....	13
3.11	Viðauki I.....	13
3.12	Viðauki II.....	14
4	Gildandi réttur.....	16
4.1	Heimildir íslenskra skattyfirvalda til upplýsingaöflunar.....	16
4.2	Heimildir íslenskra skattyfirvalda til að miðla upplýsingum.....	18
5	FATCA samningar Norðurlandanna.....	19
6	Niðurstöður áfangaskýrslu starfshópsins.....	20

1 Inngangur

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ákvað í júní 2013 að skipa starfshóp til að undirbúa gerð FATCA samnings við bandarísk stjórnvöld. FATCA er stytting á enska heitinu Foreign Accounts Tax Compliance Act og varðar bandarísk lög um upplýsingaskyldu erlendra fjármálafyrirtækja vegna reikninga í eigu bandarískra aðila.

Með bréfi dagsettu 9. september 2013, skipaði ráðherra starfshóp í samræmi við framangreint. Í hópinn voru skipaðir eftirtaldir aðilar: Ása Ögmundsdóttir og Ingibjörg Helga Helgadóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Guðrún Jenný Jónsdóttir, ríkisskattstjóra, Jóna Björk Guðnadóttir og Hörður Jens Guðmundsson, Samtökum fjármálafyrirtækja.

Starfshópnum er ætlað, við undirbúning að gerð samningsins, að gera úttekt á því hvaða skyldur FATCA samningur hefur í för með sér fyrir íslensk stjórnvöld og fjármálafyrirtæki, greina hvaða fjármálafyrirtæki falla undir samninginn, hvernig kröfur um upplýsingagjöf til bandarískra skattfirvalda falla að núgildandi reglum um veitingu upplýsinga og athuga hvort gera þurfi breytingar á íslenskri löggjöf til þess að stjórnvöld geti staðið við fyrirhugaðan samning. Starfshópurinn skal hafa hliðsjón af þeim FATCA samningum sem Norðurlöndin og önnur ríki í Evrópu hafa undirritað við bandarísk stjórnvöld.

Óskað var eftir áfangaskýrslu fyrir 1. desember 2013 þar sem fram kæmi m.a. hvaða sérákvæði þurfi að vera til staðar í samningi með tilliti til íslenskra sjónarmiða, en skila á lokagreinargerð fyrir 1. maí 2014 þar sem fyrir liggur mat á ofangreindum úrlausnarefnum og tillögur þar að lútandi. Vegna anna við önnur verkefni var veittur frestur fram í janúar 2014 til að skila áfangaskýrslu.

2 Almennt um FATCA samninga

Með aukinni alþjóðavæðingu fjármálaviðskipta eykst þörf ríkja fyrir upplýsingar af skattalegum toga um fjármagnseignir í eigu einstaklinga og lögaðila, upplýsingar sem fyrirfinnast í fjármálafyrirtækjum erlendis jafnt sem innanlands. Bandaríska þingið samþykkti í mars 2010 nýja löggjöf sem kveður á um upplýsingaskyldu erlendra fjármálafyrirtækja vegna fjármagnseigna bandarískra skattþegna. Bandarískt heiti laganna er „Foreign Account Tax Compliance Act” (FATCA).

Markmið laganna er að vinna gegn skattundanskotum bandarískra skattgreiðenda. Ólíkt íslenskum rétti þá eru bandarískir þegnar skattskyldir á grundvelli ríkisfangs en ekki búsetu. Árið 2011 var talið að fjöldi svokallaðra „non resident” skattskyldra aðila væri um sjö milljónir en af þeim teldu einungis tæp níuhundruð þúsund fram eignir sínar til skatts í Bandaríkjunum. Að mati þarlandra yfirvalda eru undanskot þessa hóps talin nema um 8,5 milljörðum dollara á 10 árum.

Samkvæmt FATCA lögnum ber erlendum fjármálafyrirtækjum að senda árlega nánar tilgreindar upplýsingar beint til bandarískra skattýfirvalda. Fallist þau ekki á að senda slíkar upplýsingar eiga þau á hættu að lagður verði 30% afdráttarskattur á tiltekna greiðslur til þeirra sem upprunnar eru í Bandaríkjunum. Sömu reglur gilda um öll erlend fjármálafyrirtæki. FATCA reglurnar munu koma til framkvæmda í áföngum og í dag er reiknað með að fyrsti áfanginn taki gildi 1. júlí 2014.

Eina leiðin til að erlendar fjármálastofnanir geti komist hjá því að sæta þessum afdráttarskatti er að þær sýni fram á að þær hafi gengist undir reglurnar um FATCA með viðeigandi skjölun og sendi tiltekna upplýsingar til bandarískra yfirvalda eða þær séu undanþegnar upplýsingakvöð skv. nánar tilgreindum reglum. Lögin gera ráð fyrir því að bandarísk stjórnvöld geti gert samkomulag við erlend stjórnvöld um að fjármálafyrirtæki sendi upplýsingarnar beint til sinna eigin skattýfirvalda sem síðan koma þeim áfram til bandarískra skattýfirvalda. Fyrirmynd að slíkum samningi var unnin í samráði við stjórnvöld í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu og Spáni og voru tvær samningsfyrirmyndir birtar í lok júlí 2012 auk viðauka sem telst órjúfanlegur hluti af samningnum. Fyrirmyndin hefur tekið smávægilegum breytingum frá því að hún var fyrst birt. Nýjasta fyrirmyndin ásamt viðaukum var birt 1. nóvember 2013 og er stuðst við hana í umfjöllun hér á eftir.

Efni samningsfyrirmyndanna tveggja er mismunandi. Annars vegar er um tvíhliða samning að ræða þar sem fyrir hendi þarf að vera samningur um upplýsingaskipti eða tvísköttunarsamningur sem kveður á um upplýsingaskipti. Hins vegar er um að ræða einhliða samning þar sem bandarísk stjórnvöld skuldbinda sig ekki til að senda upplýsingar til samningsaðila. Nokkur ríki hafa þegar undirritað tvíhliða samninga og mörg önnur standa í samningaviðræðum við Bandaríkin. Danmörk varð fyrst Norðurlandanna til að undirrita slíkan samning í nóvember 2012 og Noregur fylgdi í kjölfarið í apríl 2013. Þá eiga Finnland og Svíþjóð í samningaviðræðum við Bandaríkin. Eins og staðan er nú eru bandarísk stjórnvöld ekki í stakk búin til að safna og senda sjálfvirkt samskonar upplýsingar til samningsaðila en hafa skuldbundið sig til að koma á sjálfvirkri upplýsingagjöf fyrir ákveðinn tímafrestr.

Með gerð slíks samkomulags á milli stjórnvalda má ætla að upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja verði léttbærari en ella, einkum ef fyrir er upplýsingaskylda til innlendra skattayfirvalda svo ekki sé minnst á að fjármálafyrirtæki eigi ekki á hættu að sæta 30% afdráttarskatti. Samkomulagið leysir einnig úr vanda sem hugsanlega getur komið upp um mun á bandarískum lögum og lögum annarra ríkja þegar kemur að túlkun ýmissa hugtaka. En óneitanlega kalla FATCA reglur á aukið skrifræði, umsýslu og kostnað við uppsetningu tölvukerfa hjá skattayfirvöldum og þeim fjármálafyrirtækjum sem þurfa að fara eftir þessum reglum.

Í þessu samhengi ber að geta þess að bæði Evrópusambandið og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) telja að stefna beri að alþjóðlegri samvinnu um sjálfvirka upplýsingagjöf sem svarar til þeirra reglna sem FATCA byggir á. Evrópusambandið undirbýr nú gerð tilskipunar á þá leið að ESB ríkin skiptist sjálfvirkt á samskonar upplýsingum. Hjá OECD er verið að leggja lokahönd á alþjóðlegt samningsmódel í líkingu við FATCA samningsmódelið og á Global Forum fundi sem haldinn var í Jakarta 21. og 22. nóvember 2013 var ákveðið að stofna nýjan vinnuhóp sem á að undirbúa og flýta fyrir upptöku sjálfvirkrar upplýsingagjafar sem byggir á framangreindu OECD módeli.

Gildistaka FATCA reglnanna er miðuð við 1. júlí 2014 og fyrir þann tíma verður að liggja fyrir samningur um FATCA við bandarísk stjórnvöld. Hins vegar hafa Bandaríkin einungis undirritað 18 tvíhliða FATCA samninga¹ síðastliðna 15 mánuði og ljóst að gefa þarf verulega í ef Bandaríkin ætla að ná því að gera samninga við öll þau ríki sem óskað hafa eftir FATCA samningi fyrir 1. júlí nk.

¹ <http://www.treasury.gov/resource-center/tax-policy/treaties/Pages/FATCA.aspx>

3 Meginefni FATCA samningsfyrirmyndar

Samningsfyrirmyndin inniheldur 10 greinar auk tveggja viðhengja.

3.1 Almennar skilgreiningar

Í 1. grein er að finna almennar skilgreiningar á þeim hugtökum sem notuð eru í samningsfyrirmyndinni. T.d. hvað telst vera erlent fjármálafyrirtæki, til hvaða fjármálareikninga og afurða samningur tekur til, hverjir eru upplýsingaskyldir, hverjir teljast bandarískir aðilar og með hvaða hætti aðilar skuli auðkenndir. Hér er stuttlega gerð grein fyrir helstu hugtökunum.

3.1.1 Fjármálafyrirtæki

Skilgreiningin á hugtakinu fjármálafyrirtæki tekur mið af því um hvaða starfsemi sé að ræða en að meginstefnu til tekur hugtakið til allra lögaðila og eininga sem taka á móti innborgunum sem hluta af almennri bankastarfsemi eða svipaðri atvinnustarfsemi, lögaðila sem stunda viðskipti með fjármálagerninga fyrir aðra, fjárfestingafélög og líftryggingafélög.

3.1.2 Erlent fjármálafyrirtæki

Erlent fjármálafyrirtæki telst vera sú eining sem er heimilisföst í viðkomandi ríki en tekur þó ekki til erlendra dótturfélaga.

3.1.3 Upplýsingaskyld erlend fjármálafyrirtæki

Upplýsingaskyld erlend fjármálafyrirtæki teljast vera öll þau fjármálafyrirtæki, utan Bandaríkjanna, sem taka þátt í verklagi FATCA með því að upplýsa um eignir viðskiptavina sinna sem eru álitnir vera bandarískir skattgreiðendur.

3.1.4 Erlend fjármálafyrirtæki sem ekki eru upplýsingaskyld

Fjármálafyrirtæki sem eru ekki upplýsingaskyld eru fjármálafyrirtæki sem staðsett eru í landi sem er með gildandi FATCA samning við Bandaríkinn og eru ekki álitin falla undir ákvæði reglna um upplýsingaskyldu. Þ.e. fyrirtækið er álitnið vera undanskilið upplýsingagjöf sem FATCA krefst, vegna eðlis fyrirtækisins. Sem dæmi þá eru lífeyrissjóðir og eftirlaunasjóðir álitnir undanþegnir. Minni fjármálafyrirtæki sem eru aðeins með innlenda viðskiptavini eða reikninga með lágum innstæðum eru undanskilin. Einnig eru viðurkennd greiðslukorta fyrirtæki álitin vera undanskilin.

3.1.5 Fjármálafyrirtæki sem ekki eru þátttakendur

Fjármálafyrirtæki sem eru ekki þátttakendur eru fjármálafyrirtæki í ríki sem ekki tekur þátt í FATCA, þ.e. ríkið hefur ekki gert milliríkjasamning (IGA) við bandarísk skattayfirvöld eða fyrirtækið sjálft hefur ekki skráð sig hjá bandarískum skattayfirvöldum (IRS) vegna FATCA og

gert þar til gerðan samning við IRS. Þessi fyrirtæki eiga hættu á að verða skattlögð á grundvelli FATCA, eða jafnvel að önnur fjármálafyrirtæki sem eru þátttakendur að FATCA loki á viðskipti við viðkomandi.

3.1.6 Bandarísk einkenni

Bandarísk einkenni er skilgreining á því hvaða aðilar teljast vera framtalsskyldir í Bandaríkjunum og falla þ.a.l. undir upplýsingagjöf vegna FATCA. Bandarísk einkenni eru eftirfarandi:

- Bandarískur ríkisborgararéttur
- Föst búseta í Bandaríkjunum, handhafi græna korts
- Skráð heimilisfang í Bandaríkjunum, þar á meðal skráð pósthólf
- Regluleg fyrirmæli um greiðslur til Bandaríkjanna
- Umboðshafi á reikning viðkomandi er með heimilisfang í Bandaríkjunum.

Ef viðkomandi aðili, hvort sem um er að ræða einstakling eða lögaðila, er með eitthvert þessara einkenna þarf sá aðili að staðfesta við bandarísk skattayfirvöld að hann sé skattskyldur eða framtalsskyldur í Bandaríkjunum eða utan þeirra. Einkennin eru fyrst og fremst sett upp fyrir erlend fjármálafyrirtæki svo að þau geti skilgreint viðskiptamannagrunn sinn og leitað eftir einkennum í kerfum sínum.

3.1.7 Bandarískir upplýsingaskyldir reikningar

Bandarískir upplýsingaskyldir reikningar eru fjármálareikningar í erlendu upplýsingaskyldu fjármálafyrirtæki sem er í eigu eins eða fleiri tilgreindra bandarískra aðila, bæði einstaklinga og lögaðila, eða eru í eigu aðila sem hafa yfirráð yfir einum eða fleiri ráðandi tilgreindum bandarískum aðila.

3.1.8 Fjármálareikningur

Fjármálareikningur (Financial account) hefur víðtæka merkingu í skilningi samningsfyrirmyndarinnar. Þar er átt við innlánsreikninga í fjármálafyrirtæki auk tiltekinna líftryggingasamninga. Þegar horft er að auki til skilgreininga samningsfyrirmyndarinnar á innlánsreikningum (depository accounts) þá nær hún yfir alla reikninga þ.e. veltureikninga, sparnaðarreikninga og vörslureikninga (custodial accounts) sem innihalda fjármálagerninga eins og hlutabréf, skuldabréf og afleiður. Miðað við þessa víðtæku skilgreiningu verður að líta svo á að samningurinn taki til allra reikninga sem fyrirfinnast í fjármálafyrirtækjum, að undanskildum þeim reikningum sem tilgreindir hafa verið í viðauka II.

3.1.9 Bandarískur aðili og sérstaklega tilgreindur bandarískur aðili

Gerður er greinarmunur á bandarískum aðila og sérstaklega tilgreindum bandarískum aðila. Í fyrra tilvikinu er átt við alla bandaríska ríkisborgara eða einstaklinga búsetta í Bandaríkjunum, félög og fyrirtæki sem starfa eða er stjórnað í Bandaríkjunum og nánar tilgreinda sjóði (trusts). Í seinna tilvikinu er um neikvæða skilgreiningu að ræða, þ.e. allir nema þeir sem eru sérstaklega upptaldir, s.s. bandarískir bankar, bandarísk fyrirtæki á markaði og Bandaríkin sjálf auk fylkjanna.

3.1.10 Ráðandi aðili og TIN

Í lokin er skilgreining á því hver telst vera ráðandi aðili í fyrirtækjum og gerð grein fyrir auðkennisnúmerum (TIN eða Tax Identification Number og kennitölur).

3.2 Skyldur samningsaðila

2. greinin fjallar um skyldur samningsaðila til að afla og skiptast á upplýsingum. 1. mgr. inniheldur almennt ákvæði um skyldur aðila til að afla þeirra upplýsinga sem nánar er gerð grein fyrir í 2. mgr. og til að senda árlega og ótilkvaddir (sjálfvirkt) upplýsingar til hins aðilans. Upplýsingar eru veittar með tilvísun í upplýsingaskiptaákvæði tvísköttunarsamnings sem í gildi er milli aðilanna.

Í 2. mgr. er nákvæm tilgreining á því hvaða upplýsinga í fjármálafyrirtækjum samningsaðilans þurfi að afla og er gerður greinarmunur á upplýsingum tengdum bandarískum upplýsingaskyldum aðilum annars vegar og upplýsingum um skattaðila samningsaðilans.

Þegar um bandaríska upplýsingaskylda aðila er að ræða skal samningsaðili veita upplýsingar er varða sérhvern reikning hjá öllum upplýsingaskyldum fjármálafyrirtækjum og þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram;

- nafn, heimilisfang og TIN reikningseiganda,
- reikningsnúmer,
- nafn og auðkenni fjármálafyrirtækisins sem veitir upplýsingarnar,
- staða reiknings eða verðmæti hans (svo sem þegar um líftryggingafjárhæðir er að ræða) eins og það er við lok árs. Ef reikningi hefur verið lokað á árinu þá stöðuna eins og hún var áður en reikningi var lokað.

Síðan er farið nánar í kröfurnar þegar um innlánsreikninga og vörslureikninga er að ræða og ef um reikninga er að ræða sem ekki hafa verið taldir upp hér að framan.

Bandaríkin munu veita samsvarandi upplýsingar frá bandarískum upplýsingaskyldum fjármálafyrirtækjum til samningsaðila vegna skattskyldra aðila hjá samningsaðila.

3.3 Aðferðir og tímasetningar

Í 3. grein eru ákvæði um aðferðir og tímasetningu upplýsingaskiptanna sjálfra svo og áætlun um innleiðingu reglnanna. Samningsaðilar geta beitt eigin skattareglum við ákvörðun á upphæð og tegund greiðslna skv. 2. grein en gera skal grein fyrir því í hvaða gjaldmiðli upplýsingar eru veittar.

Í 3. mgr. er gerð grein fyrir því hvenær upplýsingaskiptin eiga að fara fram skv. 2. gr. Innleiðing reglnanna gerist smám saman. Samningsaðili skal byrja árið 2014 að afla og senda hluta upplýsinganna, síðan bætist við árið 2015 og að lokum skal senda allar upplýsingar skv. 2. gr. vegna 2016. Bandaríkin munu hefja öflun og veitingu upplýsinga frá og með árinu 2014.

Rétt er að vekja athygli á sérreglu þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. þá þurfi upplýsingaskyld fjármálafyrirtæki ekki að afla og senda upplýsingar um TIN eða kennitölur vegna reikninga sem stofnað var til fyrir 1. júlí 2014 ef upplýsingarnar eru ekki til staðar. Ef til staðar eru upplýsingar um fæðingardag eiganda reiknings þá skal þeim upplýsingum komið áfram.

Í 5. mgr. er tilgreindur tímafrestur til þess að senda upplýsingarnar skv. 2. gr. en það á að gerast innan níu mánaða frá lokum hvers almanaksárs.

Í 8. mgr. er kveðið á um að eftir að samingurinn hefur verið fullgiltur muni bær stjórnvöld í Bandaríkjunum og hjá samningsaðila gera með sér samkomulag um framkvæmd samningsins þar sem m.a. er tekið fram hvernig skuli staðið að upplýsingaskiptum skv. 2. gr., gerð grein fyrir því hvernig eigi að tryggja að farið sé eftir reglunum eins og þeim er nánar lýst í 5. gr. og setja sér verklagsreglur um hvernig skuli staðið að upplýsingum sem greint er frá í 1 (b) í 4. gr. (upplýsingar sem stafa frá fjármálafyrirtækjum sem ekki gangast undir FATCA reglurnar). Gert er ráð fyrir því að bær stjórnvöld samningsaðilanna verði, ekki síðar en í ágústlok 2015, búin að ganga frá og tryggja að framangreint verði frágengið, ásamt því að ganga úr skugga um að trúnaðar verði að fullu gætt en trúnaðarskyldurnar koma fram í tvísköttunarsamningi sem í gildi er milli aðila.

9. mgr. fjallar um gildistöku samningsins og í 10. mgr. segir að ef aðilar hafi ekki fullgilt samninginn fyrir 30. september 2015 falli hann niður.

3.4 Beiting FATCA reglna gagnvart fjármálafyrirtækjum

4. grein fjallar um beitingu FATCA reglna gagnvart fjármálafyrirtækjum samningsaðila.

Samkvæmt 1. mgr. er litið svo á að fjármálafyrirtæki samningsaðila sem hafi gengist undir hinar sérstöku FATCA reglur séu undanþegin 30% afdráttarskatti svo fremi sem samningsaðili virði skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu skv. 2. og 3. gr. og að þau fjármálafyrirtæki sem eru upplýsingaskyld haldi nánar settar reglur, þ.e. séu reglufylgin. Nánar tilgreint fela þessar reglur í sér að fjármálafyrirtækin;

- Beri kennsl á tilkynningarskylda bandaríska reikninga og skili árlega skýrslu til bærra stjórnvalda sammingsaðila með hliðsjón af reglunum í 2. og 3. gr. Í viðauka með samkomulagi er farið nánar út í framkvæmdina.
- Skili fyrir árin 2015 og 2016 til bærra stjórnvalda sammingsaðila upplýsingum með nöfnum allra þeirra fjármálafyrirtækja sem ekki eru aðilar að samkomulaginu (Nonparticipating) sem þau hafa sent greiðslur til og samtölu slíkra greiðslna.
- Fari eftir viðeigandi skráningarkröfum sem er að finna á heimasíðu IRS.
- Sem hafa gengist undir skráningu sem fullgildir meðalgönguaðilar samkvæmt bandarískum skattalögum taki þar með að sér að halda eftir 30% afdráttarskatti vegna greiðslna til bandarískra aðila sem eru hjá „nonparticipating“ fjármálafyrirtækjum. (Dönsk skattfyrirvöld hafa ekki tekið að sér að vera milligönguaðili varðandi slíkar afdráttargreiðslur og fjármálafyrirtækin þurfa sjálf að gera upp við IRS).
- Sem ekki hafa gengist undir skráningu sem fullgildir meðalgönguaðilar, en sem inna af hendi greiðslu til eða hafa milligöngu um bandaríska afdráttarskylda greiðslu til Nonparticipating fjármálafyrirtækis, skuli tilkynna án tafar um slíkar greiðslur til þess aðila sem skráður er sem fullgildur meðalgönguaðili. Þessi krafa er gerð til að tryggja að réttur afdráttarskattur skv. FATCA reglum verði dreginn af greiðslum sem enda hjá nonparticipating fjármálafyrirtæki.

Þó svo að upplýsingaskyld fjármálafyrirtæki hjá sammingsaðila uppfylli ekki framangreindar reglur þurfa þau ekki að sæta afdráttarskatti fyrir en bandarísk stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að þau skuli meðhöndluð sem Nonparticipant fjármálafyrirtæki.

2. mgr. undanþiggur fjármálafyrirtæki hjá sammingsaðila afdráttarskyldu skv. FATCA reglunum ef um er að ræða reikninga í eigu aðila sem sýna mótþróa (Recalcitrant). Hverjir teljist slíkir aðilar er nánar skilgreint í bandarískum skattalögum.

3. mgr. inniheldur sérreglu er varðar eftirlaunasjóði sammingsaðila sem taldir eru upp í viðauka II. Litið er svo á að slíkir starfslokasjóðir séu reglufylgin erlend fjármálafyrirtæki skv. FATCA eða undanþegnir raunverulegir eigendur. Þetta þýðir að þessir aðilar þurfi ekki að safna eða senda upplýsingar um bandaríska aðila. Í ákvæðinu eru slíkir eftirlaunasjóðir nánar skilgreindir.

4. mgr. er almennt ákvæði um að Bandaríkin meðhöndli fjármálafyrirtæki sammingsaðila sem ekki eru upplýsingaskyld sem reglufylgin erlend fjármálafyrirtæki eða undanþegnir raunverulegir eigendur.

5. mgr. fjallar um sérstakar reglur sem tengjast reglufylgnum fjármálafyrirtækjum og dótturfyrirtækjum/útibúum þeirra sem staðsett eru í ríki sem ekki er aðili að FATCA t.d. vegna þess að reglur þess lands heimila ekki upplýsingaskipti skv. FATCA. Tilvist slíkra félaga hefur ekki áhrif á stöðu fjármálafyrirtækis hjá sammingsaðila að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Í stuttu máli eru skilyrðin þau að útibúið/dótturfélagið sé aðskilið fjármálafyrirtæki sammingsaðila, að það beri kennsl á bandaríska reikninga og upplýsi um þá að því marki sem

heimilt er skv. löggjöf heimilisfestarríkis og að það sé ekki stofnsett í þeim tilgangi að eiga í viðskiptum við bandaríska skattþegna og koma þeim undan FATCA reglunum.

6. mgr. fjallar um samhæfingu tímasetningar á öflun upplýsinga af hálfu samningsaðila.

Í 7. mgr. segir að þrátt fyrir hugtök/skilgreiningar sem er að finna í 1. gr. og í viðaukum megi samningsaðili, jafnframt eða í staðinn fyrir, nota hugtök sem við eiga og er að finna í bandarískum reglum svo fremi sem slík notkun sé ekki andstæð tilgangi þessa samkomulags.

3.5 Samstarf-reglufylgni-eftirfylgni

Í 5. gr. er fjallað um samstarf, reglufylgni og eftirfylgni. Í greininni er tekið á því ef minni háttar og/eða meiri háttar mistök verða í afgreiðslu hjá upplýsingaskyldum fjármálafyrirtækju.

1. mgr. fjallar um stjórnsluleg mistök og önnur minni mistök og hvernig bær stjórnvöld samningsaðilanna tilkynni það hvoru öðru og sendi leiðréttingar.

2. mgr. fjallar um það þegar fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki skyldur sínar og sýnir af sér veruleg vanhöld á því sviði að mati bærs stjórnvalds í því ríki. Bært stjórnvald skal grípa til þeirra aðgerða sem heimilar eru skv. lögum þess lands og knýja fram efndir.

Ef upplýsingaskyldt fjármálafyrirtæki sinnir ekki skyldu sinni, þrátt fyrir aðgerðir bærra stjórnvalda, innan 18 mánaða frá fyrstu tilkynningu um vanefndir, skulu bandarísk yfirvöld líta á slíkt fjármálafyrirtæki sem aðila sem er ekki aðili að samkomulaginu, sbr. 2. gr. b). Þetta þýðir að 30% afdráttarskatti verður haldið eftir af greiðslum frá bandarískum aðilum til viðkomandi fjármálafyrirtækis.

3. mgr. kveður á um að upplýsingaskyldum fjármálafyrirtækjum sé heimilt að nota sér þjónustu þriðja aðila til að sinna skyldum sínum en þau beri samt sem áður fulla ábyrgð á að upplýsingaöflun fari fram með réttum hætti.

4. mgr. skyldar samningsaðila til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að fjármálastofnanir taki upp aðferðir til að komast hjá því að afla og veita skyldubundnar upplýsingar.

3.6 Yfirlýsingar samningsaðila

6. gr. inniheldur yfirlýsingar samningsaðila um að þeir stuðli að þróun og eflingu gagnkvæmra upplýsingaskipta. Bandarísk yfirvöld lýsa því sérstaklega yfir að þau stefni að því að veita sambærilegar upplýsingar sjálfvirkt líkt og samningsaðili gerir. Samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna með öðrum ríkjum að þróun aðferða sem einfalda og flýta fyrir gegnumstreymi erlendra greiðslna með sem minnstri byrði. Samningsaðilar skuldbinda sig jafnframt í samvinnu við OECD að stuðla að gerð sameiginlegs alþjóðlegs samningsmódelis sem byggir á FATCA samningunum sem þegar hafa verið gerðir. Að lokum skuldbinda samningsaðilar sig til að tryggja að fjármálastofnanir þeirra afli og upplýsi um öll nauðsynleg auðkennisnúmer (TIN) allra reikningseigenda sem falla undir samninginn.

3.7 Samræmi í beitingu FATCA (MFN)

7. gr. fjallar um svokallaða Most Favoured Nation reglu sem þýðir að ef Bandaríkin gera samskonar samning við annað ríki og veita í þeim samningi hagstæðari kjör/skilmála þá munu þeir skilmálar einnig eiga við áður gerðan samning milli Bandaríkjanna og samningsaðila. Samningsaðili þarf ekki að óska eftir þessum betri skilmálum heldur munu þeir gilda sjálfvirkt og bandarísk stjórnvöld skuldbinda sig til að upplýsa um slíka betri skilmála.

3.8 Samráð

8. gr. fjallar um samráð og breytingar milli aðila vegna samningsins.

3.9 Gildi viðauka

9. gr. kveður á um að viðaukar við samninginn teljist hluti af honum.

3.10 Gildistaka

10. gr. fjallar um gildistöku samnings, þ.e. að hann taki gildi þegar samningsaðili hefur tilkynnt að stjórnskipulegum kröfum um fullgildingu sé lokið. Unnt er að segja samningi upp skriflega og skal samráð haft fyrir 31. desember 2016 um hugsanlegar breytingar á samningnum.

3.11 Viðauki I

Viðauki I fjallar um áreiðanleikakröfur sem verður að viðhafa við auðkenningu og veitingu upplýsinga um bandaríska fjármálareikninga og um greiðslur til nánar tilgreindra fjármálafyrirtækja sem ekki eru skuldbundin.

Tilgreindir eru þeir reikningar sem ekki þarf að yfirfara, auðkenna og upplýsa um, en það eru reikningar í eigu einstaklinga sem til eru fyrir 30 júní 2014 og eru með innstæðu undir 50.000\$. Eins er kveðið á um sömu undanþágu fyrir reikninga lögaðila með innstæðu undir 250.000\$

Í viðaukanum eru einnig settar fram verklagsreglur um yfirferð á reikningum sem stofnaðir voru fyrir 30 júní 2014, sem innstæðan fer yfir 50.000\$ hjá einstaklingum og 250.000\$ hjá lögaðilum, svo framarlega sem innstæðan fer ekki yfir 1.000.000\$. Í þessari yfirferð á núverandi reikningum er kveðið á um rafræna leit í tölvukerfum fjármálafyrirtækja þar sem leita á að US einkennum sem tilgreind eru í 1. gr. samningsfyrirmyndarinnar.

Ef bandarísk einkenni eru til staðar hjá þeim reikningum sem til eru fyrir gildistöku FATCA þurfa fjármálafyrirtæki að sannreyna ákveðnar upplýsingar hjá viðkomandi aðila með því að láta þessa aðila fylla út skattaleg eyðublöð frá IRS eða sambærileg form.

Í neðangreindri töflu sést hvaða upplýsinga þarf að afla ef bandarísk einkenni eru til staðar:

Bandarísk einkenni	Skyldugögn
Bandarískur ríkisborgararéttur eða lögheimili í bandaríkjunum	Afla þarf W-9 eyðublað
Fæðingarstaður í Bandaríkjunum	1. Afla þarf W-9 eða W-8BEN; og 2. Framvísun á skilríki sem er ekki frá US til að staðfesta erlendan ríkisborgarétt; og 3. skriflega útskýringu varðandi bandarískan ríkisborgarétt
Heimilisfang í Bandaríkjunum (búseta eða pósthólf)	1. Afla þarf W-9 eða W-8BEN; og 2. Framvísun á skilríki sem er ekki frá US til að staðfesta erlendan ríkisborgarétt
Fyrirmæli um reglulegar millifærslur til Bandaríkjanna	1. Afla þarf W-9 eða W-8BEN; og 2. Staðfest gögn um að viðkomandi sé ekki bandarískur ríkisborgarari eða skattskyldur í Bandaríkjunum
Upplýsingar um heimilisfang í Bandaríkjunum er á skrá í kerfum bankans eða pósthólf í Bandaríkjunum skráð sem heimilisfang	Afla þarf W-9 eða W-8BEN eða staðfest gögn um að viðkomandi sé ekki bandarískur ríkisborgarari eða skattskyldur í Bandaríkjunum

Í viðauka I er einnig kveðið á um að fjármálafyrirtæki megi treysta á gögn sem viðskiptavinur framvísar, sem sýnir fram á hvort að viðkomandi sé framtalsskyldur í Bandaríkjunum eða ekki. Fjármálafyrirtæki mega samt sem áður ekki treysta á upplýsingar frá viðskiptavinum ef rökstuddur grunur er fyrir hendi um að upplýsingar séu ekki réttar.

Svo er fjallað um þann tímafrest sem fjármálafyrirtæki hafa til þess að auðkenna núverandi viðskiptavini, en sá frestur er til 30. júní 2014

3.12 Viðauki II

Viðauki II inniheldur lista yfir þau fjármálafyrirtæki sem aðilar eru sammála um að meðhöndla sem undanþegin upplýsingaskyldu eða sem undanþegna raunverulega eigendur. Ástæða þess að fyrirtækin eru undanþegin er sú að ekki er mikil áhætta falin í því að bandarískir skattaðilar nýti sér slík fjármálafyrirtæki í því skyni að komast hjá því að greiða skatt í Bandaríkjunum. Sem dæmi er þar að finna ríkisstofnanir, alþjóðlegar stofnanir, Seðlabanka og lífeyrissjóði.

Undir þetta undanþáguákvæði geta einnig fallið lítil fjármálafyrirtæki sem eru aðeins með innlenda viðskiptavini, fjármálafyrirtæki sem heldur aðeins úti reikningum með lægri innstæðum og viðurkennd greiðslukortafyrirtæki.

Þennan lista geta samningsaðilar endurskoðað með gagnkvæmu samkomulagi þar um.

Í 5 gr. viðaukans er fjallað um reikninga sem eru undanþegnir upplýsingaskyldu á grundvelli FATCA. Meðal annars eru teknir fram reikningar sem teljast, vegna skattalegra sjónarmiða, ekki vera aðgengilegir fyrr en ákveðnum aldri er náð. T.d. lífeyrissjóðsreikningar, viðbótarlífeyrissparnaður og eftirlaunarsjóðir. Einnig eru undanþegnir fjárvörslureikningar, reikningar dánarbúa og þrotabúa.

4 Gildandi réttur

Í þessum kafla er fjallað um hvernig gildandi íslenskur réttur fellur að kröfum FATCA.

4.1 Heimildir íslenskra skattyfirvalda til upplýsingaöflunar

Eftirfarandi er lýsing á heimildum skattyfirvalda til að afla upplýsinga hér á landi. Í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, er að finna tvö ákvæði sem heimila skattyfirvöldum að kalla eftir upplýsingum frá öllum þeim sem búa yfir upplýsingum sem skattyfirvöld telja nauðsynleg til að tryggja rétt skattskil.

Fyrst ber að nefna 94. gr. laganna. Það ákvæði er mjög víðtækt og kveður á um skyldu allra aðila, bæði framtalsskyldra og annarra, að láta skattyfirvöldum² í té „*allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té.*“

Í ákvæðinu er beinlínis tekið fram að ekki skipti máli hvort að upplýsingarnar varði þann sem beiðninni er beint til eða viðskipti/samskipti hans við annan aðila sem hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu síðarnefnda aðilans, eftirlit eða rannsókn á þeirri skattlagningu.

Þá er heimilt vegna skatteftirlits að kalla inn bókhaldsgögn og önnur gögn sem varða rekstur, þar með talin bréf og samninga.

Í annan stað er í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, að finna ákvæði sem hefur að geyma heimildir til handa skattyfirvöldum til að krefjast upplýsinga, sbr. 92. gr. laganna, sem kveður á um skyldu til að afhenda ríkisskattstjóra árlega tiltekna upplýsingar.

Lagagreinin telur sjö málsgreinar og kveður 1. mgr. á um skyldu m.a. launagreiðenda, verkkaupa og lífeyris- og eftirlaunasjóða til að afhenda ríkisskattstjóra upplýsingar um greiðslur þær sem inntar hafa verið af hendi.

Ákvæði 2. mgr. kveður á um skyldu allra aðila, þar með talda banka, sparisjóði og aðrar fjármálastofnanir, verðbréfamarkaði og aðra sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf, skuldabréf og aðra fjármálagerninga til að afhenda ríkisskattstjóra skýrslu um viðskipti með umrædda fjármálagerninga.

² Með skattyfirvöldum er átt við ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Þá er í 3. mgr. kveðið á um skyldu banka, sparisjóða, annarra fjármálafyrirtækja og annarra aðila sem taka við fjármunum til ávöxtunar, að veita ríkisskattstjóra upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti á árinu, afdregna staðgreiðslu og innstæður bankareikninga, verðbréfa- og fjárfestingasjóða. Sama gildir um hvers konar útlán og vexti af þeim.

Allir þeir sem hafa á leigu eða hafa afnot gegn gjaldi af fasteign, námurétti eða veiðirétti, lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu skulu afhenda ríkisskattstjóra skýrslu um greiðslur vegna leigunnar/afnotanna sbr. 4. mgr. 92. gr. tekjuskattslaga.

Ákvæði 6. mgr. veitir ríkisskattstjóra síðan heimild til að ákveða almenna skyldu til að afhenda upplýsingar um „önnur atriði sem máli skipta varðandi álagningu skatta“. Í dæmaskyni er svo talið upp s.s. upplýsingar um kaup og sölu á hráefnum og afurðum, kaup og sölu á skráningarskyldum ökutækjum, hlutafé og arð, stofnfé og stofnfjár vexti, skuldabréf og aðra fjármálagerninga sem og vexti af þeim og að lokum vinninga í happdrætti og keppni.

Á grundvelli þessa ákvæðis birtir ríkisskattstjóri árlega auglýsingu þar sem kallað er eftir umræddum upplýsingum á fyrirfram ákveðnu rafrænu formi.

Þessi víðtæka upplýsingakvöð sem lögð er á skattaðila og aðra þá sem hafa að geyma umbeðnar upplýsingar leggur grunninn að þeirri forskráningu upplýsinga á skattframtöl einstaklinga, ásamt því að byggja upp gagnagrunna, þar sem upplýsingar eru notaðar til samkeyrslu og sannprófunar á skattskilum.

Með hliðsjón af orðalagi 6. mgr. ákvæðisins, sem felur ríkisskattstjóra að ákveða hvaða upplýsingar það eru sem kunna að skipta máli við álagningu skatta telur starfshópurinn að ekki sé þörf á að gera sérstakar breytingar á gildandi lögum. Þannig ætti ríkisskattstjóri, á grundvelli núgildandi laga, að geta krafist þá skilaskyldu aðila sem falla undir FATCA um allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt tvíhliða samningi. Í árlegri auglýsingu sinni yrði þannig bætt við skilaskyldu á þeim upplýsingum sem FATCA tekur til.

Vert er þó að hafa í huga að verði gerðar breytingar á 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, þannig að vextir sem greiðast aðilum með takmarkaða skattskyldu verði ekki lengur skattskyldir hér á landi gæti þurft að endurskoða framangreinda niðurstöðu enda miðar upplýsingaskylda 92. gr. við upplýsingar sem skipta máli við álagningu skatta.

4.2 Heimildir íslenskra skattyfirvalda til að miðla upplýsingum

Þegar heimildir íslenskra skattyfirvalda til að miðla upplýsingum áfram til bandarískra skattyfirvalda eru skoðaðar ber að hafa í huga að mjög rík þagnarskylda hvílir á starfsmönnum skattyfirvalda. Í 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er kveðið á um að starfsmönnum skattyfirvalda sé bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlega um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Öll miðlun upplýsinga af hálfu íslenskra skattyfirvalda mega þannig ekki brjóta gegn framangreindum ákvæðum tekjuskatts- og virðisaukaskattslaga. Í ýmsum sérlögum er kveðið á um heimildir annarra stjórnvalda til að fá upplýsingar sem geymdar eru í fórum skattyfirvalda og þá hefur Ísland gerst aðili að ýmsum alþjóðlegum samningum sem heimila og/eða beinlínis fyrirskipa upplýsingaskipti.

Ísland og Bandaríki Norður-Ameríku hafa gert samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, sbr. auglýsingu nr. 8 sem birt var í C-deild Stjórnartíðinda þann 17. desember 2008. Um upplýsingaskipti og stjórnsýsluaðstoð er fjallað í 25. gr. samningsins þar sem fram kemur að bær stjórnvöld í samningsríkjunum *skuli* skiptast á upplýsingum sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða samningsins.

Ríkisskattstjóri hefur á grundvelli þessa ákvæðis sent reglulega til bandarískra skattyfirvalda upplýsingar um tekjur sem þarlendir skattaðilar hafa haft frá íslenskum aðilum. Þá hefur ríkisskattstjóri einnig aðstoðað, að beiðni bandarískra skattyfirvalda, við öflun annarra upplýsinga, s.s. afrita af samningum, á grundvelli sama ákvæðis.

Ríkisskattstjóri hefur þannig litið svo á að um leið og íslensk stjórnvöld hafa gert samninga við erlend ríki um miðlun upplýsinga þá teljist erlend skattyfirvöld ekki „óviðkomandi aðilar“ sbr. 117. gr. tekjuskattslaga.

5 FATCA samningar Norðurlandanna

Danmörk og Noregur undirrituðu síðast liðinn vetur FATCA samninga ásamt viðaukum við bandarísk stjórnvöld. Eins og áður hefur komið fram voru Danir fyrstir allra að gera slíkan samning en undirritun hans fór fram 15. nóvember 2012. Noregur undirritaði síðan samning þann 15. apríl 2013. Samningarnir eru nánast samhljóða samningsfyrirmynd I og viðauka I. Viðauki II inniheldur upptalningu á þeim fjármálafyrirtækjum og stofnunum ríkjanna sem eru undanþegnar FATCA reglum.

Danmörk lögfesti FATCA samninginn á haustþingi 2013. Samkvæmt gildandi rétti í Danmörku er upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja til skattýfirvalda nokkuð rík vegna þeirra atriða sem bandarísk skattýfirvöld óska upplýsinga um. Jafnframt er til staðar heimild til þess að skiptast sjálfvirkt (þ.e. án beiðni) á upplýsingum við Bandaríkin samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamningsins sem í gildi er milli ríkjanna. Samt sem áður voru ekki taldar vera fyrir hendi nægar heimildir yfirvalda til að afla og veita allar þær upplýsingar sem þörf er á samkvæmt FATCA og samþykkti danska þingið lög í desember 2013 þar sem þessar heimildir eru veittar. Í undirbúningi er síðan gerð leiðbeininga um innleiðingu FATCA og hefur sú vinna verið unnin í góðu samstarfi við innlendar fjármálastofnanir. Lögin eru þannig úr garði gerð að auknar kröfur um upplýsingagjöf eru almennar og einskorðast því ekki við FATCA heldur er einnig horft til þess að OECD er að vinna að reglum um skilvirkari upplýsingagjöf (CRS) og ESB er með í bígerð nýja tilskipun um upplýsingaskipti.

Noregur lögfesti FATCA samninginn í desember 2013 og jafnframt voru samþykktar lagabreytingar sem veita stjórnvöldum ríkari heimildir til upplýsingaöflunar. Noregur hefur farið þá leið að samræma upplýsingakröfur FATCA við innanlandsþörf, t.d. eru fjármálafyrirtæki nú skyldug til að kalla eftir erlendu TIN númeri og upplýsa um það til skattýfirvalda. Frekari vinna er síðan framundan í formi reglugerðarvinnu.

Finnland er ekki búið að undirrita FATCA samning en hefur áritað samningsdrög. Finnland mun lögfesta samninginn líkt og Danmörk og Noregur og í leiðinni leggja fram frumvarp um viðtækar heimildir yfirvalda til þess að óska eftir upplýsingum í samræmi við kröfur FATCA. Svíþjóð stendur í samningaviðræðum en þeim er ekki lokið enn. Undirbúningur vegna væntanlegs samnings er þó hafinn hjá sænskum skattýfirvöldum og er talið fullvíst að gera þurfi lagabreytingar svo unnt verði að standa við kröfur FATCA. Finnland og Svíþjóð munu fara sömu leið og Danmörk við væntanlega lagasetningu og horfa til breyttra krafna um upplýsingaskipti af hálfu OECD og ESB.

6 Niðurstöður áfangaskýrslu starfshópsins

Starfshópurinn telur, eftir skoðun á samningsmódeli FATCA og þeim samningum sem Norðurlöndin hafa gert við bandarísk yfirvöld, að samningurinn sem Ísland mun væntanlega gera verði ekki frábrugðinn öðrum samningum. FATCA samningsfyrirmyndinni hefur verið fylgt nánast orðrétt eftir í öðrum samningum. Það er aðeins í Viðauka II sem Ísland þarf að setja fram og gera grein fyrir þeim fjármálafyrirtækjum sem eiga að vera undanþegin reglunum. Á þessu stigi er nokkuð ljóst af hálfu Íslands hvaða fjármálafyrirtæki, aðilar og reikningar muni falla þarna undir en endanleg niðurstaða fæst ekki fyrir en samningaviðræðum við bandarísk yfirvöld er lokið.

Starfshópurinn telur jafnframt að ekki sé þörf á að gera sérstakar breytingar á gildandi lögum. Þannig ætti ríkisskattstjóri, á grundvelli núgildandi laga, að geta krafið þá skilaskyldu aðila sem falla undir FATCA um allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt tvíhliða samningi.

Hins vegar þarf að gera ýmsar breytingar í tengslum við framkvæmd upplýsingaskiptanna og þurfa fjármálastofnanir að taka upp nýja verkferla og aðlaga tölvukerfi að breyttum kröfum. Jafnframt þarf að útfæra og koma á samræmdum aðferðum og verkferlum við upplýsingagjöfina frá upplýsingaskyldum aðilum til ríkisskattstjóra. En meðan samningur liggur ekki fyrir og samningaviðræður eru ekki hafnar við bandarísk stjórnvöld er erfitt að sjá fyrir alla þætti á útfærslu hans.

Reykjavík 29. janúar 2014

Ása Ögmundsdóttir

Guðrún Jenný Jónsdóttir

Hörður Guðmundsson

Ingibjörg Helga Helgadóttir

Jóna Björk Guðnadóttir



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ